

LAND



PÓSTURINN

FRÉTTABRÉF FÉLAGS LANDFRÆÐINGA

14.árg. 2. tbl., október 2001

Ábm.: Jófríður Guðmundsdóttir, Félag landfræðinga, Pósthólf 5391, 125 Reykjavík

Bréf frá formanni

Ný stjórn

Á síðasta aðalfundi Félags Landfræðinga tók við ný stjórn. Í stjórninni sitja: Hjalti J. Guðmundsson, formaður, Albert Sigurðsson, varaformaður, Jófríður Guðmundsdóttir, ritari, Albert Þorbergsson, gjaldkeri og Ingibjörg Jónsdóttir, meðstjórmandi. Núverandi stjórn þakkar fráfarandi stjórnarmeðlimum gott starf og óskar þeim velfarnaðar í framtíðinni.

Dagskrá vetrarins

Stjórnin hefur ákveðið að gera ákveðnar breytingar á vetrarstarfinu og vonar að þær leggjst vel í félagsmenn. Í haust munu ekki vera haldnir hinir reglubundnu fyrirlestrar eins og áður hefur verið. Mæting á þessi erindi var því miður ekki góð í mörgum tilfellum. Við yfirgefum þó ekki alveg hugmyndina heldur útfærum hana á annan hátt. Oft eru staddir hér á landi þekktir erlendir fræðimenn sem við ætlum að reyna að grípa eða að eitthvert málefni er mjög heitt í umræðunni sem við komum til með að fá fyrirlesara til þess að fjalla um. Að þessu leiðir að fyrirlestrar verða mun stopulli en ættu að hitta betur í mark. Þessi aðferð var notuð þegar Michael Hall, frá Háskólanum í Otago í Nýja-Sjálandi, var staddur hér á landi fyrr í haust og hélt erindi fyrir félagsmenn. Þessi fyrirlestur var mjög vel sóttur. Allir fyrirlestrar verða auðvitað auglýstir en sennilegast er að fyrirvarinn verði stuttur í flestum tilfellum eins og gefur að skilja þegar ofangreindri aðferð er beitt. Við vonum að það komi ekki að sök.

Í haust verður reynt að skipuleggja aðra heimsókn til Landmælinga Íslands á Akranesi. Við urðum að hætta við ferðina í vor vegna dræmra undirtekta en vonum að félagsmenn taki við sér með lakkandi sól og komi með okkur upp á Skaga enda margt forvitnilegt þar að skoða. Dagskráin í þeirri ferð verður með sama móti og auglýst var í vor með þeirri breytingu að halda skorarpartý eftir heimsóknina þar sem við myndum bjóða jarðfræðingum til þess að sameinast okkur og rífa upp gamlar minningar frá námsárunum. Dagsætning er ekki komin á þessa uppákomu en væntanlega verður hugmyndin að veruleika í nóvember en auðvitað verður atburðurinn auglýstur vandlega.

Inga Ingibjörg Guðmundsdóttir
Bratratunga 1
200 KÓPAVOGUR

Áframhald af bréfi formanns.

Áætluin er að halda Jólaglögg eins og hin síðari ár. Ein af hugmyndunum er sú að á glögginu verði fenginn fyrirlesari sem myndi fjalla um „létt“ landfræðilegt efni til þess að skerpa á stemningunni.

Eftir áramót verður aðalviðburðurinn Vorráðstefna Félags Landfræðinga. Hún verður haldin 27. apríl. Hugmyndin er sú að upp frá þessu verði ávallt haldin vorráðstefna félagsins, líkt og hjá öðrum sambærilegum félögum, til þess að kynna það nýjasta sem menn eru að gera í landfræðinni. Ráðstefnuþemað er opið. Auglýsingar um efni á ráðstefnunna hefur þegar verið birt ásamt því að hún birtist hér í þessu fréttabréfi. Allir þeir sem eru að vinna að rannsóknum og öðrum áhugaverðum verkefnum á sviði landfræði eru hvattir til þess að kynna sín verkefni. Steft er að birtingu vísindalegra ritrýndra greina í Landabréfinu í framhaldinu og að svo verði ár hvert. Þannig skapast hefð á þetta form kynningar á fræðigreininni okkar. Þrátt fyrir að yfirbragð greinanna sé auglýst sem „vísindalegt“ er ekkert því til fyrirstöðu að landfræðingar sem vinna að skemmtilegum verkefnum, sem ekki teljast beint til rannsókna, kynni þau og skrifi um í ráðstefnuheftið. Stjórnin vill hvetja slíka aðila til þess að kynna sín verkefni og koma þeim á framfæri. Nú þegar hafa landfræðingar sýnt Vorráðstefnunni áhuga og hvetjum við alla sem vetlingi geta valdið að kynna verkefni sín á þessum vettvangi. Ef þessi ráðstefna og þetta fyrirkomulag tekst vel upp mun það án efa styrkja starfsemi félagsins, bæði faglega og ekki síst meðal áhugamanna um landfræði sem ekki eru fái.

Í framhaldi ráðstefnunnar á laugardagskvöldið mun Félag Landfræðinga halda árshátíð fyrir félagsmenn og maka þeirra. Staðsetning og fyrirkomulag er ekki ennþá ákveðið en verður auðvitað auglýst með góðum fyrirvara.

Frá janúar til apríl verður haldið áfram með gestafyrirlesara líkt og um haustið. Einnig er hugmynd að fara í t.d. hálfis til eins dags skoðunarferð í nágrenni höfuðstaðarins, eða jafnvel innan hans, þar sem fjallað yrði um ákveðið málefni. Þetta kemur í ljós síðar.

Við í stjórn Félags Landfræðinga vonumst til þess að félagsmenn taki þessum breytingum vel en auðvitað eru allar hugmyndir að frekari dagskrá vetrarins vel þegnar. Ef þið hafið einhverjar athugasemdir eða viðbætur við ofangreint, sendið okkur línu á fl-s@os.is.

Hjalti J. Guðmundsson,
formaður

Gíróseðill

Með fréttbréfinu er gíróseðill vegna árgjalds 2001. Nú geta menn auðvitað nýtt sér tæknina og borgað árgjaldið um hina ýmsu netbanka. Ef menn kjósa að greiða með þessum nútímalega hætti, þá er kennitala félagsins 650188-1289 og bankanúmerið 303-26-10835.



Nýir landfræðingar

Í júní 2001 bættust í hópinn nokkrir vaskir landfræðingar. Þessir ungu landfræðingar útskrifuðust allir frá Háskóla Íslands með BS gráðu. Hér á eftir fer listi yfir þá og nöfn á verkefnum þeirra:

Nýir BS-landfræðingar:

Anna Fanney Gunnarsdóttir *Oliumengun á íslenskum hafsvæðum:
Möguleikar á að fylgjast með oliuóhöppum þegar þau eiga sér stað og möguleikar á reglubundnu eftirliti.*

Bryndís Björk Eypórsdóttir *Fjarkönnun á hitainnrauðu sviði.
Möguleikar til skoðunar á yfirborðsdreifingu og hitastigi jarðhitasvæða.*

Hannes Bjarnason *Skógræktarskipulagsvinna og uppbygging landfræðilegs
upplýsingakerfis.*

Heiða Björk Halldórsdóttir *Rannsóknir á sjávarhita við Ísland:
Möguleikar á notkun fjarkönnunargagna við sjávarhitamælingar.*

Jóna Briet Guðjónsdóttir *Fjöldi og dreifing ferðamanna í þjóðgarðinum í
Skaftafelli: Viðhorf starfsmanna Náttúruverndar ríkisins og ferðaskrifstofa.*

Ragnheiður Ragnarsdóttir *Hugarkort af Reykjavík.*

Stefán Már Ágústsson *Landhæðarbreytingar á Kröflusvæðinu. Hæðarmæling
2000 og samanburður við mælingu 1995.*

Sæþór Ólafsson *Rýmigreining á örnefnum í Bessastaðahreppi.*



Landfræði 2002 Vorráðstefna Félags Landfræðinga

Fyrsta tilkynning um rannsóknir til kynningar á ráðstefnunni

Félag Landfræðinga (F.L.) mun halda ráðstefnu þann 27. apríl 2002.

Efni ráðstefnunar verður LANDFRÆÐI í víðasta skilningi þess hugtaks.

Ætlunin er að gefa út Landabréfið með greinum úr efni fyrirlestranna, sem verða vísindalega ritrýndar.

Við hér með óskum eftir fyrirlestrum og ritgerðum á ráðstefnuna sem uppfylla skilyrði vísindalegrar framsetningar rannsóknaritgerða. Fyrirmæli um framsetningarmáta verða send út síðar og birt á netsíðu F.L. (www.hollver.is/land)

Skilafrestur ritgerða er 1. febrúar 2002 og skal senda þær til stjórnar F.L. sem mun skipa ritnefnd og setja reglur um framsetningu. Einnig er boðið upp á að veggspjaldasýningu með áhugaverðum verkefnum og verður ágrip hvers veggspjalds birt í Landabréfinu ásamt hinum ritrýndu greinum. Ágrip veggspjalda skal skila inn með sama hætti og rigerðum

Ráðgert er að hafa árshátíð félagsins að kvöldi ráðstefnudags þannig að allir eiga að taka

þennan dag frá!

Með von um góðar viðtökur

Stjórn Félags Landfræðinga